

Hafnarfirði 4. september 2023

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Skólahald heldur áfram og er margt á döfinni á næstu vikum. Framundan er **nýnemaballið**, fyrsti dansleikur vetrarins, en það fer fram í íþróttahúsinu við Strandgötu **fimmtudaginn 7. september**. Miðasala hefst í hádeginu í dag og fer hún fram á netinu. **Húsið opnar kl. 22:00 og lokar kl. 01:00**. Fjöldinn allur af helstu skemmtikröftum landsins mun stíga á stökk í íþróttahúsinu og verður án vafa mikið fjör. Við minnum á alla **góða siði** á Flensborgarskólalaböllum og að **ölvun ógildir miðann**.

Þá er undirbúningur hafinn fyrir árlegt **Flensborgarhlaupið** og að þessu sinni rennur allur ágóði hlaupsins í verkefnið **Ungt fólk með CP hreyfihömlun** – jafningjafræðsla og stuðningur á vegum CP félagsins á Íslandi. Hægt er að **hlaupa 5 km og 10 km** eða taka þátt í **léttu 3ja km skemmtiskokki eða göngu**. **Hlaupið fer fram þann 19. september næstkomandi kl. 17:30** og eru hér með allir nemendur skólans og aðstandendur þeirra hvattir til að taka þátt, þannig eflum við heilsueflandi samfélag Flensborgarskólans og styrkjum um leið gott málefni. Skráning fer fram á hlaup.is.

Þá vil ég vekja athygli á því að **stærðfræði- og raungreinaverið fer af stað á morgun kl. 15:45**, eða strax að lokinni kennslu. Þá er **ritverið** opið, nemendum til stuðnings í verkefnavinnu, þrjá daga vikunnar, sjá upplýsingar á heimasíðu og á skjám skólans.

Til foreldra nýnema:

Fundur með foreldrum nýnema verður haldinn í Hamarssal á morgun, **þriðjudaginn 5. september kl. 17:00**. Á fundinum verður farið yfir það helsta sem tengist skólastarfinu en einnig gefst tækifæri til að hitta bekkjarkennara og fá innsýn í námið á fyrsta ári. Fulltrúi foreldraráðs Flensborgarskólans og fulltrúar nemendafélagsins ávarpa fundinn. Boðið verður upp á léttu hressingu.

Með bestu kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland

www.flensborg.is

S: +354 565 0400





HEILSUEFLANDI
framhaldsskóli



JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022